

annað eintakið hjá póststjórninni á Íslandi og hitt hjá sænsku aðal- **75**
póststjórninni. 20. júní

Reykjavík, 25. maí 1928 og Stokkhólmi, 14. maí 1928.

Fyrir aðalpóstmeistarann.

S. Briem.

Gustaf Kihlmark.

Þetta er hjermeð gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðherrann, 20. júní 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

AUGLÝSING

um

prófreglugjörð fyrir lærdómsdeild Gagnfræðaskólans á Akureyri.

76
7. júlí

Samkvæmt þegnlegum tillögum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins hefir Hans hátign konunginum 6. júní 1928, allramildilegast þóknast að staðfesta eftirfarandi prófreglugerð fyrir lærdómsdeild Gagnfræðaskólans á Akureyri.

PRÓFREGLUGJÖRÐ

fyrir

lærdómsdeild Gagnfræðaskólans á Akureyri.

I. KAFLI.

Um skólanemendur.

1. gr.

Burtfararpróf lærdómsdeildar Gagnfræðaskólans á Akureyri nefnist stúdentspróf og jafngildir samskonar prófi við Hinn almenna mentaskóla í Reykjavík.

Þeir, sem ganga undir stúdentspróf við Gagnfræðaskólann á Ak-

- 76 ureyri, skulu reyndir í því, sem þeir hafa lesið í lærdómsdeildinni, en 7. júl. skólanemendur þó með takmörkun þeirri, sem leiðir af ákvörðunum 2. gr. og 3. gr. Skólameistari ákveður fyrir 1. mars ár hvert í samráði við kennara og með samþykki stjórnarráðs, hverjum köflum megi sleppa úr því, sem lesið hefir verið í allri deildinni, en þar skal lesið hafa verið allt það, er 3. og 4. gr. reglugerðar til bráðabirgða fyrir lærdómsdeild Hins almenna mentaskóla í Reykjavík, frá 13. mars 1908, mæla fyrir um.

2. gr.

Ekkert próf skal haldið í:

1. kristnum fræðum.
2. fornaldarfræði.
3. leikfimi.
4. söng.

Þó skal fyrir stúdentspróf sýna leikni nemenda í leikfimi og söng.

3. gr.

Kröfurnar til stúdentsprófs skólanemenda í einstökum greinum eru sem hjer segir:

1. Íslenska.

A. Munnleg.

- a. Nemendur skulu hafa til prófsins valda kafla úr bókmentum Íslendinga að fornu og nýju í bundnu máli og óbundnu, að minsta kosti 300 bls. í venjulegu 8 blaða broti, er vandlega hafa verið lesnir í lærdómsdeildinni.
- b. Að minsta kosti 300 bls. af köflum úr ritum þeim (sögu, skáldsögum, ljóðum o. s. frv.), er lauslega hefir verið farið yfir.
- c. Ágrip af bókmentasögu Íslands.
- d. Stutt ágrip af norrænni goðafræði og íslenskri bragfræði að fornu og nýju.

Í munnlega prófinu skal leggja fyrir hvern nemenda tvær spurningar:

1. úr bókmentum Íslendinga fornum eða nýjum; skal nemandinn lesa upp valinn kafla, gjöra grein fyrir efni hans og orðfæri, og svara upp á spurningar lútandi að norrænni og íslenskri málfræði, goðafræði, bragfræði og öðru því, er kaflinn gefur ástæðu til að spyrja um.
2. úr sögu íslenskra bókmenta.

B. Skrifleg.

Íslensk ritgjörð. Gefa skal nemendum kost á að velja um 2—3 verkefni.

2. D a n s k a .

76
7. júlí

A. Munnleg.

Nemendur skulu hafa til prófsins að minsta kosti 150 bls. í venjulegu 8 blaða broti, í bundnu máli og óbundnu, sem þeir hafa vandlega lesið. Skal hver nemandi reyndur í því og lagðar fyrir hann þær spurningar, sem efni og orðfæri gefa sjerstaklega tilefni til. En auk þess skal hann reyndur í merkum atriðum úr bókmentasögu Dana og Norðmanna frá miðri 18. öld og fram til vorra daga, — og í ólesnum kafla í óbundnu máli eða bundnu. Jafnframt skal munnlega prófinu hagað þannig, að vissu fáist fyrir því, að hver nemandi skilji vel mælt danskt mál og geti talað um algeng og hversdagsleg efni á dönsku.

B. Skrifleg.

Skriflega prófið skal annað hvort vera endursögn á dönskum kafla, er sje almenns efnis og laus við sjerfræðileg, sjaldgæf orð og talshætti, eða nemendur snúi samfeldum kafla úr íslensku á dönsku, er má vera alt að 25 línur í prentuðu máli.

3. E n s k a .

A. Munnleg.

Til prófsins skulu nemendur hafa að minsta kosti 200 bls. í venjulegu 8 blaða broti af ritum þeim í óbundnu máli og bundnu, er þeir hafa lesið vandlega (sbr. Bráðabirgðareglugjörð lærdómsdeildar Hins almenna mentaskóla 4. gr. 3. lið 2. málsgrein 1—3). Hver nemandi skal reyndur í hæfilega löngum kafla af lesmáli þessu. Er kennari sjálfráður um, hvort hann lætur nemanda snúa öllum hinum lesna kafla á íslensku, eða snúa sumu og útskýra sumt á ensku; en andsvör nemenda sýni bert að hann skilji til hlýtar kafla þann, sem hann er reyndur í. Þó getur hinn skipaði prófdómari krafist þess, ef hann telur það nauðsynlegt, að nemandinn snúi öllum kaflanum á íslensku. Auk þess skal reyna nemandann í ólesnum kafla í óbundnu máli, svo og leggja fyrir hann nokkrar spurningar úr bókmentasögu. Leikni nemandans í að tala málið skal reynd með viðræðum, er kennarinn tengir við kafla þá í lesnu eða ólesnu, er nemandinn hefir komið upp í, og sýni nemandinn þannig, að hann geti talað viðstöðulaust um algeng og hversdagsleg efni.

B. Skrifleg.

Skriflega prófið skal annað hvort vera endursögn á enskum kafla, sem sje auðskilinn að efni og án sjaldgæfra, sjerfræðilegra orða og talsháttu, eða lagt fyrir nemendurna að snúa úr íslensku á ensku samfeldum kafla, er sje ekki lengri en 25 prentaðar línur, eða þeim skal fengið auðvelt verkefni í enska ritgjörð, er ekki þurfi að valda þeim erfiðleika eða yfirlegu, að því er efni og niðurskipun snertir.

76

7. júlí

4. Þýska.

Prófið er eingöngu munnlegt.

Nemendur skulu hafa undir prófið um 150 bls. í venjulegu 8 blaða broti, ýmislegs efnis, er þeir hafa lesið vandlega tvö síðustu árin. Af lesmáli þessu sjeu um 25 blaðsíður kvæði og ljóð, og um 50 bls. mælt nútíðarmál. Skal hver nemendi reyndur í lesnum kafla, endursögn og stuttum viðræðum um hann. En auk þess skal hann reyndur í ólesnum kafla í óbundnu nútíðarmáli. Þegar einkunn hans er ákveðin, skal ekki lögð áhersla á frammistöðu hans í því ólesna en í hinu lesna.

5. Frakkneska.

Prófið er eingöngu munnlegt.

Nemendur skulu hafa til prófs um 100 bls. í venjulegu átta blaða broti, er þeir aðallega hafa lesið síðara árið. Við prófið skal mest áhersla á það lögð, að framburðurinn sje góður og þýðingin rjett. Kennari skal reyna kunnáttu nemenda í frakkneskri málfræði með því að leggja fyrir hann nokkrar málfræðislegar upplýsingar, sem kaflinn gefur ástæðu til að spyrja um.

6. Latína.

Prófið er eingöngu munnlegt.

Nemendur skulu hafa undir prófið að minsta kosti 70 bls. í venjulegu 8 blaða broti af því, sem vandlega hefir verið lesið í óbundnu máli ýmislegs efnis tvö síðustu árin, og í bundnu máli um 600 hexametra og 400 vísuorð í kvæðum Hórazar. Við prófið skal hver nemandi reyndur í tveim stöðum í lesmáli því, er haft er til prófsins, öðrum í óbundnu máli og hinum í bundnu máli. Er nemandi hefir þýtt hinn valda kafla, leggur kennarinn fyrir hann nokkrar spurningar, málfræðilegs og efnislegs eðlis, er sýni að hann veit full deili á efni því, sem hann er reyndur í, og hefir náð þeirri festu í latneskri málfræði, sem áskilin er í Bráðabirgðareglugjörð lærdómsdeildar Hins almenna mentaskóla II. 4. gr. 6, fyrstu málsgr.

7. Sagnfræði og fjelagsfræði.

Prófið er eingöngu munnlegt í greinum þessum.

Í sögu skal prófað í 1) sjerkaflanum (sbr. Bráðabirgðareglugjörð lærdómsdeildar Hins almenna mentaskóla II. 4. gr. 9. 3. málsgrein), 2) í almennri sögu frá 1789 fram til vorra tíma, 3) í Norðurlandasögu frá 1784 til vorra tíma, og 4) í Íslandssögu: Fornöldin til 1280 og frá miðri 18. öld til vorra daga.

Í fjelagsfræði skal reynt í stjórnarskipun, landsstjórn og hjeraðsstjórn Íslands á vorum dögum, og í ágripi yfir stjórnarskipun og stjórn-

arfar nokkurra menningarlanda hjer í álfu, er lesið hefir verið síðasta árið í lærdómsdeildinni. 76
7. júlí

Tvær spurningar skulu lagðar fyrir hvern nemanda; skal önnur þeirra vera úr almennu sögunni, Norðurlandasögu eða Íslandssögu, en hin úr sjerkaflanum eða fjelagsfræðinni.

8. Náttúrusaga.

Prófið er eingöngu munnlegt.

Nemendur skulu hafa til prófs sem svarar $\frac{2}{3}$ af því, sem lesið hefir verið. Leggja skal fyrir hvern nemanda tvær spurningar; 1) úr almennri náttúrusögu, landafræði eða lífeðlisfræði mannsins, 2) úr stjörnufræði eða eðlisfræði.

9. Stærðfræði.

Prófið er eingöngu munnlegt.

Nemendur skulu hafa til prófs sem svarar $\frac{2}{3}$ af því, sem lesið hefir verið í deildinni. Leggja skal fyrir hvern nemanda tvær spurningar: 1) úr talnafræði, 2) úr flatarmálsfræði.

4. gr.

Þessar einkunnir skal gefa:

ág., ág. ÷, dáv. +, dáv., dáv. ÷, vel +, vel, vel ÷, lakl. +, lakl., lakl. ÷, illa +, illa, illa ÷, afarilla +, afarilla.

Tölugildi þessara einkunna er sem hjer segir:

ág. = 6, ág. ÷ = $5\frac{2}{3}$, dáv. + = $5\frac{1}{3}$, dáv. = 5, dáv. ÷ = $4\frac{2}{3}$, vel + = $4\frac{1}{3}$, vel = 4, vel ÷ = $3\frac{2}{3}$, lakl. + = $3\frac{1}{3}$, lakl. = 3, lakl. ÷ = $2\frac{2}{3}$, illa + = $2\frac{1}{3}$, illa = 2, illa ÷ = $1\frac{2}{3}$, afarilla + = $1\frac{1}{3}$, afarilla = 1.

Við útreikning meðaltals árseinkunna og prófseinkunna hafa einkunnir þessar stigagildi, sem hjer segir:

ág. = 8, ág. ÷ = $7\frac{2}{3}$, dáv. + = $7\frac{1}{3}$, dáv. = 7, dáv. ÷ = $6\frac{1}{3}$, vel + = $5\frac{2}{3}$, vel = 5, vel ÷ = $3\frac{2}{3}$, lakl. + = $2\frac{1}{3}$, lakl. = 1, lakl. ÷ = $1\frac{2}{3}$, illa + = $4\frac{1}{3}$, illa = 7, illa ÷ = $12\frac{1}{3}$, afarilla + = $17\frac{2}{3}$, afarilla = 23.

Aðaleinkunnir skulu gefnar við árspróf og samsvara þær fullnaðareinkunnum, sem hjer segir:

Ágætiseinkunn	samsvarar	fullnaðareinkunninni	7,50—8;
Fyrsta aðaleinkunn	—	—	6—7,49;
Önnur aðaleinkunn	—	—	4,50—5,99;
Þriðja aðaleinkunn	—	—	4,25—4,49;

76

7. júlí

5. gr.

Aðeins eina einkunn skal gefa fyrir alla hina munnlegu frammistöðu í heild sinni í hverri námsgrein, og það eins þótt lagt sje fyrir nemandann fleiri en eitt verkefni til úrlausnar, eða þótt námsgrein skiftist í fleiri deildir. Fyrir skriflega úrlausn skal þó gefa sjerstaka einkunn nema í dönsku; þar skal gefa aðeins eina einkunn fyrir munnlega frammistöðu og skriflega úrlausn.

6. gr.

Einkunnar eru þrenns konar: Vetrar-, árs og prófseinkunnir.

Vetrar- og árseinkunnir gefa kennararnir. Þær skulu gefnar í öllum greinum nema kristnum fræðum, söng og leikfimi. Fyrir landafræði, náttúrufræði, eðlisfræði og stjörnufræði skal aðeins gefa eina einkunn.

Vetrareinkunnir skal gefa tvisvar á vetri, í desember og mars, og lýsa þær til bráðabirgða álitu hvers kennara á kunnáttu nemanda í þeirri grein, er hann kennir. Við lok kenslutímans skal svo hver kennaranna gefa nemendunum einkunnir með hliðsjón af vetrareinkunnum þeim, er hann hefir áður gefið. Heita þær einkunnir árseinkunnir og eru fullnaðardómur kennarans um kunnáttu nemendanna eftir kenslutímann.

Í íslenskum, dönskum og enskum stíl skal hafa próf undir umsjón skólans, áður en gefnar eru árseinkunnir. Fyrir próf þetta gefa kennararnir einkunnir og ákveða eftir þeim og skriflegum úrlausnum um veturinn árseinkunnir í þeim greinum.

Prófseinkunnir eru dómur prófdómenda um frammistöður nemenda við próf, og skal gefa þær í öllum greinum, sem hafðar eru til prófs.

Um skriflega og munnlega frammistöðu í hverri grein dæma tveir prófdómendur, kennarinn og skólafróður maður, skipaður af kenslumálaráðherra.

7. gr.

Fullnaðareinkunn er meðaltal af árs- og prófseinkunnum nemenda.

Þegar finna skal fullnaðareinkunn nemandans, skal telja allar einkunnir hans með stigagildi þeirra, eins og segir í 4. gr. Síðan skal taka meðaltal af árseinkunnum hans og meðaltöl af þeim einkunnum, sem prófdómendur hafa gefið hvor um sig. Hvert meðaltalið reiknast með 2 desimölum. Af þessum þremur meðaltölum skal svo aftur reiknað meðaltal með 2 des. og er það fullnaðareinkunn nemandans. Við fullnaðareinkunnina skal svo rita samsvarandi aðaleinkunn, samkvæmt 4. gr.

Í löggilta einkunnabók og á prófskírteini skal rita allar árseinkunnir og prófseinkunnir, hin þrjú meðaltöl þessara einkunna, fullnaðareinkunn og aðaleinkunn.

Fullnaðareinkunn utanskólanemanda er meðaltalið af meðaltölum einkunna þeirra, er prófdómendur gefa fyrir frammistöðu hans.

76
7. júl

Til þess að standast stúdentspróf má fullnaðareinkunn ekki vera lægri en 4,25.

8. gr.

Skólameistari úrskurðar í samráði við hina föstu kennara skólans, hvort flytja beri nemanda að afloknu gagnfræðaprófi upp í 1. bekk lærdómsdeildar. Um þann úrskurð skal miklu ráða siðferði nemanda, reglusemi og hollustu gagnvart skólaaga og skólastjórn. Engan nemanda má flytja upp í 1. bekk lærdómsdeildar nema því aðeins, að hann í fullnaðareinkunn við gagnfræðapróf hafi að minsta kosti hlotið 5,67 stig og ekki lægra meðaltal allra árs- og prófseinkunna en 5,67 stig í íslenskum stíl, munnlegri dönsku og samanlagðri ensku.

II. KAFLI.

Um utanskólanemendur.

9. gr.

Nemandi, sem staðist hefir gagnfræðapróf hefir rjett til að ganga undir stúdentspróf, þó eigi fyr en þrjú ár eru liðin frá gagnfræðaprófi. En ef sjerstök atvik mæla með því og skólameistari og kennarar eru því meðmæltir, getur stjórnin leyft efnilegum nemendum að ganga undir stúdentspróf 2 árum eftir gagnfræðapróf.

Foreldrar eða vandamenn utanskólanemenda, sem ætlað er að ganga undir stúdentspróf, skulu senda skólameistara umsókn um það fyrir 1. dag maímánaðar, ásamt vottorði frá manni eða mönnum, sem lokið hafa stúdentsprófi eða prófum við æðri mentastofnanir, um það, að hann eða þeir hafi haft eftirlit með námi hans, og skal því fylgja skýrsla um það, sem nemandinn hefir lesið eða numið.

10. gr.

Utanskólanemendur skulu hafa lesið og numið alt það, sem lesið er og numið í allri lærdómsdeildinni eða jafngildi þess, og skulu ganga undir próf í öllu því. Er kennurum skylt að haga svo prófinu í samráði við prófdómendur, að nægileg vissa fáist um það, að nemendur hafi náð tilætlaðri kunnáttu og þroska.

76
7. júlí

11. gr.

Reglugerð þessi kemur til framkvæmdar við stúdentspróf lærdómsdeildar Gagnfræðaskólans á yfirstandandi skólaári.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. júlí 1928.

Jónas Jónsson.

Sigfús M. Johnsen.